



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 10/2008

**Kvörtun Innes ehf. yfir auglýsingu Ölgerðar Egils Skallagrímssonar ehf.
á Merrild kaffi.**

I.

Erindið

Erindi Innes ehf. þar sem kvartað er yfir auglýsingum Ölgerðar Egils Skallagrímssonar ehf. (Ölgerðarinnar) á Merrild kaffi barst Neytendastofu með bréfi, dags. 12. febrúar 2008. Í erindinu segir að Ölgerðin auglýsi Merrild kaffi með fullyrðingunni „*Merrild, besta kaffihúsið í bænum*“. Ölgerðin hafi ekki fært sönnur á fullyrðinguna og sé hún því brot á ákvæðum 6. og 7. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

II.

Málsmeðferð

1.

Erindi Inness var sent Ölgerðinni til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 15. febrúar 2008. Svar barst, dags. 25. febrúar 2008, þar sem því er mótmælt að auglýsingin brjóti í bága við ákvæði 6. og 7. gr. laga nr. 57/2005.

Í bréfinu segir að í auglýsingunni komi fram þjóðþekktur einstaklingur, Kristinn R. Ólafsson, sem búi á Spáni og sé þekktastur fyrir viðamikla þekkingu á spænskri menningu og þjóðlífi. „*Merrild, besta kaffihúsið í bænum*“ sé orðaleikur hjá Kristni því eins og fram komi í auglýsingunni þyki honum kaffisopinn alltaf bestur heima hjá sér þrátt fyrir fjölda góðra kaffihúsa í Madrid.

Á Íslandi sé ekki rekið kaffihús undir merkjum Merrild og sé hvorki um að ræða beinan né óbeinan samanburð við keppinaut Ölgerðarinnar. Í auglýsingunni sé því ekki haldið fram að kaffið frá Merrild njóti yfirburða yfir vörum keppinauta, hvorki með sértækum hætti eða almennum. Þar sé heldur ekki gerður samanburður við aðrar vörur eða þjónustu



frá keppinautum. Auglýsingin feli það í sér að Kristinn sé að lýsa eigin skoðun á því hvað hann telji besta kaffihúsið í Madrid.

2.

Bréf Ölgerðarinnar var sent Innnesi til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 27. febrúar 2008. Svar barst með bréfi, dags. 6. mars 2008, þar sem ítrekað er að auglýsingin feli í sér samanburð þar sem sú staðreynd að ekki séu rekin kaffihús undir merki Merrild geri það að verkum að neytendur skilji auglýsinguna svo að verið sé að vísa til Merrild kaffis.

Bréf Innnes var sent Ölgerðinni til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 10. mars 2008. Svar barst með bréfi, dags. 31. mars 2008, þar sem ítrekuð voru fyrri rök.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 9. apríl 2008, til aðila málsins var þeim tilkynnt að gagnaöflun í málinu væri lokið. Með bréfinu fylgdi listi yfir gögn málsins.

Við meðferð málsins óskaði Neytendastofa eftir því að fá afrit af auglýsingum Ölgerðarinnar og komu þær því til skoðunar við meðferð málsins.

III.

Niðurstaða

1.

Í erindi Innness til Neytendastofu er kvartað yfir auglýsingaherferð Ölgerðarinnar á Merrild kaffi. Í erindinu segir að auglýsingin skarti Kristni R. Ólafssyni í aðalhlutverki. Kvörtunin beinist að því að í auglýsingunni sé notast við fullyrðingar sem hafi að geyma lýsingarorð í efsta stigi án þess að auglýsandi geti fært sönnur á fullyrðingarnar. Brjóti það í bága við 6. og 7. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Bent er sérstaklega á að í auglýsingunni sé notast við orðalagið „*Merrild, besta kaffihúsið í bænum*“. Þar sem ljóst sé að Merrild kaffihús séu ekki til á Íslandi sé augljóst að með fullyrðingunni sé átt við að Merrild sé besta kaffið.

Í athugasemdum Ölgerðarinnar segir að í auglýsingunni komi fram þjóðþekktur einstaklingur, Kristinn R. Ólafsson, sem býi í Madrid á Spáni og sé þekktur fyrir viðamikla þekkingu á spænskri menningu og þjóðlífi. Auglýsingin „*Merrild, besta kaffihúsið í bænum*“ sé orðaleikur frá Kristni en eins og fram komi í auglýsingunni þá þyki honum kaffisopinn alltaf bestur heima hjá sér þrátt fyrir að finna megi fjölda góðra kaffihúsa í Madrid. Ekki sé rekið kaffihús undir merki Merrild á Íslandi og því ekki verið



að gera beinan eða óbeinan samanburð við keppinauta Ölgerðarinnar. Í auglýsingunni sé því ekki haldið fram að kaffið frá Merrild njóti yfirburðar yfir vörur keppinauta, hvorki með sértækum hætti eða almennum. Þar sé heldur ekki gerður samanburður við aðrar vörur eða þjónustu frá keppinautum heldur felur auglýsingin í sér að Kristinn sé að lýsa eigin skoðun á því hvað hann telji besta kaffihúsið í Madrid. Þar sem það blasi við að í auglýsingunni felist enginn samanburður við aðrar kaffivörur sé ljóst að auglýsingin geti ekki brotið í bága við 7. gr. laga nr. 57/2005. Þá telur Ölgerðin jafnframt vera ljóst að auglýsingin brjóti ekki bága við 6. gr. laganna enda séu engar rangar eða villandi upplýsingar veittar þar.

2.

Í kvörtuninni er vísað til 6. og 7. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti. 6. gr. laganna snýr m.a. að því að óheimilt sé að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum og að þær megi ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum. Skv. túlkun Neytendastofu á 6. gr. er m.a. óheimilt að nota efsta stig lýsingarorða nema auglýsandi geti sannað fullyrðingu sína á einfaldan og hlutlausan hátt.

7. gr. laganna snýr að samanburðarauglýsingum þ.e. auglýsingum sem beint eða óbeint vísa til keppinautar. Þar segir m.a. að þær megi ekki vera villandi.

3.

Af kvörtuninni verður ekki annað ráðið en vísað sé til einnar tiltekinnar auglýsingar en skv. þeim upplýsingum sem Neytendastofa hefur aflað sér er um að ræða fjórar auglýsingar. Í þeim öllum kemur Kristinn R. Ólafsson fram og lýsir gæðum vörunnar. Í lok auglýsinganna heyrir kvenmannsrödd segja: „*Merrild, besta kaffihúsið í bænum*“. Að mati Neytendastofu er það engum vafa undirorpið að Kristinn R. Ólafsson kemur fram í eigin nafni í auglýsingunni. Af þeim sökum verður að álykta að hann setji þar fram skoðun sína á því hvaða kaffi honum líkar best. Kvenmannsröddin sem fullyrðir að Merrild sé besta kaffihúsið í bænum er að mati Neytendastofu ekki að túlka skoðanir Kristins R. Ólafssonar. Upplýst er í málinu að Merrild kaffihús eru ekki til. Er því ljóst að fullyrðingin tekur ekki til kaffihúsa. Að mati Neytendastofu er augljós sá tilgangur fullyrðingarinnar að gefa þá mynd að Merrild sé besta kaffið. Slík fullyrðing hlýtur að vera byggð á mati en ekki staðreyndum sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 1/2006 en þar segir m.a.:

„Fullyrðingin [bestir í fiski]¹ er í eðli sínu byggð á mati en ekki staðreyndum um yfirburði kæranda. Samkvæmt því verða sönnur ekki færðar fyrir henni. Er hún þess vegna villandi í merkingu laganna.“

Auglýsingar Nótatúns ehf. „bestir í fiski“



Í ljósi þessa er það mat Neytendastofu að fullyrðingin „*Merrild besta kaffihúsið í bænum*“ í auglýsingum Ölgerðarinnar, brýtur gegn ákvæðum 6. og 7. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

IV. Ákvörðunarorð:

„Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf., Grjóthálsi 7-11, Reykjavík, hefur með birtingu auglýsingar með fullyrðingunni „*Merrild, besta kaffihúsið í bænum*“ brotið gegn ákvæðum 6. og 7. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

Með vísan til 16. gr. laga nr. 57/2005 bannar Neytendastofa Ölgerðinni að nota fullyrðinguna í auglýsingum sínum.

Bannið tekur gildi fjórum vikum eftir birtingu ákvörðunarinnar.“

Neytendastofu, 9. júní 2008